

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 27. janúar 2022 vegna auglýsinga á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sörlaskjól og Faxaskjól.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sörlaskjól og Faxaskjól, birtist í Fréttablaðinu föstudaginn 21. janúar sl. Tillagan er í kynningu frá 21. janúar 2022 til og með 4. mars 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/sorlaskjol-og-faxaskjol>

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 15. desember 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 6. janúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir göngu- og hjólastíg við Sörlaskjól og Faxaskjól. Í tillögunni felst aðskilið stígakerfi meðfram strandlengjunni og núverandi götukassa og skilgreindur er áningarstaður á gatnamótum Faxaskjól og Ægissíðu. Með framkvæmdinni er stígakerfi svæðisins styrkt til muna og umferðaröryggi bætt með fyrnefndum aðskilnaði á göngu- og hjólastíg. Við tillögugerðina var tekið tillit til forskráningar á fornleifum og minjum innan skipulagssvæðisins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **21. janúar 2022 til og með 4. mars 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 4. mars 2022**. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

mkv.

Puríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Virðing fyrir umhverfinu ☀️
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið 🌊

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is